



1200. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 17. mars 2020, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson (í fjarfundi), Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Þráinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru: Anna Þóra Ísfold

Gestir fundarins: Oddur Gunnar Jónsson sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs VR, Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir félagslega kjörnir skoðunarmenn VR, Theódór Ingi Pálmason og Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðendur frá KPMG.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1199. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1199. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Samþykkt á milli funda. Atkvæðagreiðsla um verkfall hjá Rio Tinto á Íslandi.

Ragnar Þór sendi beiðni til stjórnar með tölvupósti þann 5. mars sl. um að samþykkja atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir hjá félagsmönnum VR sem starfa eftir kjarasamningi Rio Tinto á Íslandi hf. Beiðnin var samþykkt með 12 atkvæðum.

3. Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna ársreiknings 2019

Gestir fundarins þau Sigríður Helga Sveinsdóttir og Theódór Ingi Pálmason endurskoðendur KPMG fóru yfir helstu niðurstöður endurskoðunar á ársreikningi VR. Sigríður lagði fram skjalið *VR Endurskoðunarskýrsla 2019_send á stjórn*. Í máli hennar kom fram að engir verulegir veikleikar fundust í innra eftirliti. Jafnframt fór hún yfir fyrirvara sem á skýrslunni eru.

Sigríður og Theódór staðfestu að skýrsla stjórnar VR uppfyllir kröfur laga. Þar sem verðbréf VR eru öll í vörslu felst þeirra vinna aðallega í að kalla eftir staðfestingum frá vörsluaðilum og bera saman við bókhald.

Þau sögðu einnig frá því að úrtök voru tekin á útgreiddum styrkjum og farið var yfir eftirlitsþætti sem tengjast þeim.

Sigríður sagði frá því að mögulega gæti komið upp sú staða að aðalfundur myndi hafna tillögu um framlag í varasjóð og því verður gerð sú breyting á að



samþykkt aðalfundar í VR varasjóð bókast inn á það ár sem samþykktin á sér stað.

Theodór sagði frá því að farið var yfir aðgreiningu starfa og gaf sú skoðun ekki tilefni til athugasemda.

Í viðauka kemur fram að skráning vegna eigenda félaga var skilað til RSK fyrir 1. mars eins og lög gera ráð fyrir.

Jóhanna Rúnarsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson félagslega kjörnir skoðunarmenn sögðu næst frá þeirri vinnu sem þau fóru í. Þau lögðu mikla áherslu á að skoða samþykktir í fundargerðum. Jóhanna sagði frá því að fundum stjórnar fjölgar á milli ára og voru þeir 17 á árinu 2019 og nefndum fjölgaði einnig. Í vinnu sinni beindu þau 21 spurningu til Stefáns og Odds og fengu við þeim skjót svör. Einnig skoðuðu þau mætingu stjórnarmanna og ritun fundargerða. Þau komust að því að fjarveruskráningu stjórnarmanna var ábótavant. Einnig vakti það athygli þeirra hve algengt var að stjórnarmenn kæmu of seint á fundi og/eða færu fyrr af þeim.

Jóhanna og Benedikt vildu koma á framfæri ábendingu til stjórnar varðandi sameiningu stéttarféлага t.d. við sameiningu VR og VS. Þau nefndu að skoða þyrfti skuldbindingar félags vel áður en félag sameinast VR. Benedikt ræddi framsetningu á launum formanns og framkvæmdastjóra í ársreikningi. Vildi hann vekja athygli á því að viðbúið væri að félagsmenn myndu spyrjast fyrir um það. Hann greindi frá því að hann myndi ekki gefa kost á sér aftur sem félagslega kjörinn endurskoðandi en Jóhanna sagði frá því að hún gæfi kost á sér til eins árs í viðbót.

Jóhanna nefndi að athyglisvert væri að styrkjanefnd hefði ekki klárað þá fjármuni sem áætlaðir höfðu verið til hennar.

Jóhanna sagði frá samantekt sem hún gerði á mætingu einstakra stjórnarmanna. Skoðunarmenn gerður athugasemdir við að ekki væri skráð í fundargerð hverjir væru fjarverandi á stjórnarfundum. Stefán sagði frá því að búið væri að gera ráðstafanir til að mæting stjórnarmanna yrði sýnileg á vef VR og ábending um skráningu á fjárveru í fundargerð hefur verið send á ritara stjórnar og Árna Leósson sem almennt ritar fundargerðir.

4. Ársreikningur 2019

Gestur fundarins, Oddur Gunnar Jónsson forstöðumaður, lagði fram skjölin; „Ársreikningur samstæða VR 2019 – samanburður við áætlun“, „Ársreikningur samstæða VR - 2019“ og „Lykiltölur árið 2019“ og fór yfir samantekið efni þeirra á slæðum.

Oddur fór yfir sameiningu við VS sem tók gildi 1. 4. 2019 og helstu stærðir við sameiningu félaganna.



Oddur sagði frá því að á þessu ári verður gerð breyting á færslu í varasjóð líkt og áður hafði komið fram í máli Sigríðar. Jafnframt fór hann yfir helstu tölur í rekstri VR

Í máli Odds kom m.a. fram að afgreiðslum heldur áfram að fækka og símtölum einnig. Heimsóknnum á vef félagsins fjölga um 9% á milli ára eða og fjöldi þeirra sem nota *Mínar síður* eykst um 9,4%. Þá er aukning í afgreiðslum styrkja úr VR varasjóði um 4,3%.

Fjöldi fullgildra félagsmanna VR jókst um 4,9% en þar af var hlutur Verslunarmannafélags Suðurnesja um 4,6%, svo raun aukningin var um 0,3%

Nýting orlofshúsa hefur batnað um 3,5% og aukning á greiddum styrkjum úr Starfsmenntasjóðum var um 10,5%.

Oddur fór yfir rekstrargjöld félagsins. Sagði hann frá því að greiddir sjúkradagpeningar og styrkir úr Sjúkrasjóði jukust um 10,2% . Orlofshúsum fjölgaði um 8 á árinu og kostnaður var um 20 milljónir kr. vegna tjóna á orlofshúsum. Endurgreiðslur á gjafabréfum WOW kostuðu félagið um 10 milljónir kr. Stjórnunarkostnaður hækkaði meðal annars vegna sameiningar við VS og fjölgunar stöðugilda. Afskriftir jukust í samræmi við aukningu á húsum Orlofssjóðs.

Í máli Odds kom fram að raunávöxtun verðbréfasafna VR var 9,02% en 1,62% árið 2018. Niðurstaða rekstrarreiknings án fjármagnsliða var neikvæð um 210 m.kr. og hafði versnað um 148 m.kr. á milli ára. Áætlanir gerður ráð fyrir að niðurstaða fyrir fjármagnsliði yrði neikvæð vegna aukningar á greiðslu sjúkradagpeninga. Hreinar tekjur til ráðstöfunar voru á árinu 2019 927 m.kr. Eignir félagsins hækkuðu um 1,6 milljarð kr. þar af var hlutur VS um 511 m.kr. Eiginfjárhlutfall var um 95% í lok árs. Aukning í skattaskuldbindingum er til komið vegna gengishagnaðar.

Lagt er til að framlag vegna ársins 2019 verði 785 millj.kr. sem verður fært inn í ársreikning 2020 en samkvæmt fyrri aðferðum hefði það verið fært í ársreikninginn 2019.

Umræður.

Ársreikningur 2019 lagður fram til samþykktar, samþykktur samhljóða.

5. Tillaga að framlagi í VR varasjóð

Lögð var fram tillaga að framlagi í VR varasjóð sem lögð verður fyrir á aðalfundi félagsins.



Í áætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir að framlag í VR varasjóð yrði 785 m.kr. sem er óbreytt frá fyrra ári. Vegna aukningar á greiðslu sjúkradagpeninga var reiknað með að ekkert af framlagi ársins kæmi úr sjúkrasjóði. En gert var ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 565 m.kr. kæmu úr félagssjóði og 220 m.kr. kæmu úr orlofssjóði. Á aðalfundi VR á árinu 2019 var samþykkt að framlag í VR varasjóð yrði 785 m.kr. sem skiptist þannig: Félagssjóður 557 m.kr., Sjúkrasjóður 40 m.kr. og Orlofssjóður 188 m.kr.

Tillaga er að framlag í VR varasjóð verði eins og áætlað var fyrir árið 2019 eða 785 m.kr. þar sem 565 m.kr. komi úr Félagssjóði og 220 m.kr. komi úr Orlofssjóði.

Tillaga á aðalfundi:

Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 25. mars 2020, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 785.000.000,- fyrir árið 2019. Úr Félagssjóði koma 565 m.kr. og úr orlofssjóði 220 m.kr. Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsmanna sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varsjóði eftir aðalfund VR 2020.

Samþykkt samhljóða að leggja ofangreinda tillögu fyrir aðalfund.

Því næst var Friðriki afhent afmælisgjöf í tilefni 30 ára afmælis hans og tekið matarhlé.

6. Covid-19 viðbrögð VR

Ragnar Þór sagði frá því að VR hefði deilt viðbragðsáætlun sinni með öðrum aðilum eins og t.d. ASÍ. Ragnar Þór greindi frá því að Drífa Snædal tæki sæti í þjóðhagsráði sem fulltrúi verkalýðsfélaganna. Sagðist hann telja ástæðu til að vera með tilbúna tillögur fyrir heimilin jafnt og fyrirtækin og því hefðu hann og Stefán hefðu sett saman drög að ályktun, sem er svohljóðandi:

„Stjórn VR skorar á stjórnvöld að hefja tafarlaust vinnu við að bregðast við mögulegum áhrifum niðursveiflunnar á fjárhag heimilanna og tryggja að sömu mistökin og gerð voru eftir hrun endurtaki sig ekki.

Stjórn VR fagnar því að stjórnvöld grípi til mótvægisáðgerða vegna COVID-19 veirunnar en gerir alvarlegar athugasemdir við það að hvergi er að finna mótvægisáðgerðir fyrir félagsmenn okkar og heimilin. VR skorar á stjórnvöld að tryggja launagreiðslur almenns launafólks t.d. með tímabundnum áðgerðum frá Atvinnuleysistryggingarsjóði.

Ein stærstu hagstjórnarmistökin eftir bankahrunið 2008 var að veita ekki venjulegu fólki raunverulegan sveigjanleika til að takast á við greiðslufall vegna atvinnumissis eða stökkbreytingu lána. Áðgerðarleysi og þjónkun stjórnvalda við fjármálakerfið endaði með skelfilegum afleiðingum sem fólk er jafnvel að berjast við enn í dag, tæpum tólf árum seinna. Nú gæti svo farið að niðursveiflan sem COVID-19 veiran gæti haft í för með sér væri atvinnuleysi á borð við það sem hér varð eftir hrun, ef verstu spár ganga eftir. Hlýtur sú spurning að vakna hvort stjórnvöld ætli enn og aftur að slá skjaldborg um fyrirtækin og fjármálakerfið en skilja fólkið í landinu eftir



óvarið. Tryggja verður húsnæðisöryggi almennings t.d. með frýstingu afborgana húsnæðislána og sérstökum aðgerðum fyrir fólk á leigumarkaði.

Einnig skorar VR á Seðlabankann að standa við sitt lögbundna hlutverk að halda verðbólgu lágri. Gengi krónunnar hefur verið að veikjast sem að óbreyttu mun leiða af sér verðbólgu og því skorar VR á Seðlabankann að nýta ríflegan gjaldeyrisforða til að halda gengi íslensku krónunnar stöðugu.“

Umræður.

Að loknum nokkrum umræðum um orðalag var ályktunin samþykkt og skrifstofu VR falið að fara yfir orðalag áður en hún væri send út.

7. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði ánægjulegt að BSRB, Sameyki og loksins Efling hefðu náð samningum. Hann minntist á að búið væri að skrifa undir við Elkem en viðræður stæðu enn yfir við Norðurál. Sagði hann að VR myndi taka virkan þátt í að vinna aðgerðaáætlanir vegna samtals við stjórnvöld um aðgerðir til að bregðast við vegna Covid-19.

Umræður.

8. Greiðslur úr vinnudeilusjóði vegna verkfalls hjá Rio Tinto

Lagt var fram minnisblað um greiðslur úr Vinnudeilusjóði VR ef til verkfalls kemur hjá Rio Tinto á Íslandi.

Stjórn VR hefur samþykkt að fara í atkvæðagreiðslu um verkfall hjá Rio tinto á Íslandi. Atkvæðagreiðslunni líkur 13. mars 2020. Um er að ræða 12 félagsmenn VR. Reiknað er með tímabundnum aðgerðum fram í júní á þessu ári. Um væri að ræða 3 daga í mars, 13 daga í apríl, 12 daga í maí og 6 daga í júní.

Tillaga er um að félagsmenn sem fara í verkfall haldi fullum launum ef kemur til verkfalls. Áætlaður kostnaður Vinnudeilusjóðs væri um 10,3 m.kr. ef verkfall verður í alla þá daga sem það er boðað.

Lagt var til að Vinnudeilusjóður fái heimild stjórnar VR til að afgreiða styrki úr Vinnudeilusjóði vegna verkfalls Rio tinto á Íslandi þannig að félagsmenn haldi fullum launum ef til verkfalls kemur.

Samþykkt samljóða.

9. Tillögur fyrir aðalfundur 25. mars 2020

Stefán byrjaði á að segja frá því að nú væri verið að fresta og/eða breyta viðburðum svo sem hádegisfyrirlesturum, skólakynningum o.fl. Verið er að skoða hvort heimilt sé



að halda aðalfund með rafrænum hætti, verið er að skoða hvernig væri hægt að greiða atkvæði á fundinum

Á síðasta stjórnarfundum var því beint til launanevndar að koma með tillögu að stjórnarlaunum þar sem greitt væri fyrir setu í nefndum á vegum VR. Stefán fór yfir hugmynd Launanevndar um 5.000 kr. greiðslu fyrir setinn fund í nefndum en hún hafði verið kynnt á fyrri fundi stjórnar. Tillagan gengur út á að greiða fyrir setu í nefndum á vegum VR.

Nefndir VR eru 15, á síðasta ári voru haldnir 57 fundir og því yrði kostnaður um 1,2 til 1,5 millj. en það færir eftir mætingu.

Umræður

Greidd voru atkvæði um tillöguna og fóru atkvæði þannig að 10 voru henni samþykkir, 3 mótfallnir og 2 sátu hjá.

Ingibjörg, Þorvarður og Arnþór létu bóka að þau hafi verið tillögunni mótfallin Friðrik og Sigmundur óskuðu eftir bókun um að þeir sátu hjá.

Arnþór sagðist ekki ósammála allri tillögunni en lagði fram svohljóðandi bókun: „Undirritaður leggst gegn því að greidd séu sérstök nefndarlaun. Hins vegar er undirritaður sammála því að varamenn fái greitt fyrir framlag sitt ef varamenn sitja nefndarfundum á vegum stjórnar VR.“

10. Tillögur að lagabreytingum

Stefán fór yfir fyrirhugaðar tillögur að lagabreytingum sem teknar verða fyrir á aðalfundi og lagði fram skjalið „Tillögur stjórnar VR að lagabreytingum fyrir aðalfund VR 25. mars 2020“. Fyrirhugaðar breytingar eru eftirfarandi.

Tillaga nr. 1

3. gr. Félagsaðild (núverandi hljóðan) Félagið er opið öllu.....

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar-eða stjórnunaraðildar.

Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Verði (breytingar með **rauðu lettri**):

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu.....



Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. **Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.**

Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar-eða stjórnunaraðildar. Þar sem eru sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu og skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Tillaga nr. 2

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnun og ráðum félagsins.

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. **skulu starfa á starfssviði VR**, skulu vera fjár síns ráðandi, og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það. Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnunum og ráðum félagsins.

Tillaga nr. 3

25. gr. Félagsfundir (núverandi hljóðan):

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara.

Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja.

Verði (breytingar í **rauðu lettri**):

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. **Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.**

Heimilt er **stjórn** að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins. Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja **og hér að ofan greinir.**

Gengið var til atkvæða um tillögurnar og voru samþykktar með 13 atkvæðum en 2 sátu hjá.

11. Kaup á orlofsíbúð á Ísafirði

Stefán sagði að um skeið hafi verið leitað að fasteign á Ísafirði án árangurs en nú hefði hún fundist. Búið væri að gera tilboð í eignina Pólgata 5A með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Samþykkt var samhljóða að kaupa Pólgötu 5A. Framkvæmdastjóra var veitt skriflegt umboð til að ganga frá kaupum á eigninni.

Fundi var slitið um kl. 20:30
Ingibjörg Þráinsdóttir, fundarritari